



SBU

Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga

Skýrsla stjórnar SBU
til aðalfundar
28. apríl 2010

Skýrsla stjórnar SBU 2009

1. Félagið

Frá árinu 1998 hefur Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU), þar áður Kjaradeild Félags bókasafnsfræðinga, verið stéttarfélag þeirra sem lokið hafa tilskyldu og viðurkenndu háskólanámi í bókasafns- og upplýsingafræðum auk þeirra sem lokið hafa meistaraþráðu í bókasafns- og upplýsingafræðum ofan á aðra háskólaþráðu. Sbr. 3. gr. laga félagsins geta nemendur í bókasafns- og upplýsingafræðum einnig sótt um sérstaka nemaaðild að SBU.

Félagið er aðili að BHM ásamt 24 öðrum fagstéttarfélögum sem flest eru skipuð einstaklingum einnar fagstéttar þar sem menntun félagsmanna liggur til grundvallar störfum þeirra og veitir þeim tiltekin starfsréttindi. Frá árinu 2000 hefur SBU verið aðili að HugGarði sem er sameiginleg þjónustuskrifstofa fyrir fimm aðildarfélög BHM: Félag íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarð, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga og Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga.

Hlutverk

Samkvæmt félagslögum er hlutverk SBU:

- að standa vörð um kjaraleg réttindi félagsmanna
- að semja um kaup og kjör félagsmanna
- að stuðla að samstarfi við innlend og erlend stéttarfélög
- að fræða félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur

Stjórn og stjórnarfundir

Á aðalfundi félagsins 2009 voru eftirtaldir félagar kosnir til stjórnarsetu og á fyrsta fundi eftir aðalfund skipti stjórn með sér eftirfarandi verkum;

- Óskar Guðjónsson, formaður (kosinn sérstaklega)
- Kristín Ósk Hlynsdóttir, varaformaður
- Ingveldur Hafdís Karlsdóttir, ritar
- Sigrún Guðnadóttir, gjaldkeri
- Sveinn Ólafsson, meðstjórnandi
- Bára Stefánsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru kosnir: María Frímansdóttir og Ása Þórðardóttir

Það er e.t.v. tilviljun að samsetning stjórnar endurspeglar nokkurn veginn samsetningu starfsvettvangs félagsmanna, en slíkt er í sjálfu sér mjög jákvætt og auðveldar alla upplýsingagjöf, verkaskiptingu og umræðu innan stjórnar um launasamsetningu og kjarasamningagerð miðað við ólíka viðsemjendur.

Auk aðalfundar voru haldnir sex stjórnarfundir á árinu. Þar að auki hafa stjórnarmenn sótt ýmsa fundi á HugGarðs- og BHMvettvangi. SBU átti fjóra fulltrúa á aðalfundi BHM 2009. Formaður situr mánaðarlega miðstjórnarfundum BHM og fundum HugGarðsstjórnar sem hann skipar ásamt öðrum formönnum HugGarðsfélaganna. Reglulega eru svo haldnir stjórnarfundir HugGarðsfélaganna, fræðslu- og vinnufundir þar sem farið er yfir það helsta sem er á döfinni í samstarfinu. Stjórnarmenn hafa einnig sótt fundi í Kjara- og réttindahóp BHM, en hlutverk hans er að vera bakland fyrir viðræður BHM er lúta að hinum ýmsu kjarasamningum og stöðugleikasáttmála. Stjórnarmenn eiga einnig fulltrúa í sjóðum BHM. Einnig hafa stjórnarmenn tekið virkan þátt í ýmsu hópastarfi innan HugGarðs

Frekari vinnu að stefnumótun um hugsanlegar sameiningarviðræður SBU og Fræðagarðs var lögð til hliðar. Engir almennir félagsfundir SBU voru haldnir á árinu. Á Huggarðsvettvangi hafa þó verið haldnir nokkrir sameiginlegir kjara- og fræðslufundir

sem margir félagsmenn hafa sótt. Í febrúar komu nemar í bókasafns- og upplýsingafræði í vísindaferð í húskynni BHM. Þetta er í þriðja sinn sem staðið er að slíkum kynningarheimsóknum og hafa þær jafnan verið góður vettvangur jákvæðra og gagnkvæmra skoðanaskipta um hlutverk stéttarfélags í augum fólks sem er margt um það bil að stíga sín fyrstu spor á vinnumarkað.

Félagafjöldi og starfsvettvangur

Í apríl 2010 voru skráðir félagar í SBU 260 talsins og hefur því fjölgað um einn frá síðasta aðalfundi. Félagasamsetning SBU miðað við vinnustað er nokkuð á skjön við samstarfsfélögin í HugGarði. Þau eru einsleit að því leiti að mikill meirihluti félagsmanna þeirra starfar hjá ríkinu, en dreifingin milli launagreiðenda SBU er mun jafnari. Að sama skapi sker kynjahlutfall félagsmanna SBU sig verulega frá hinum félögnum. ¾ hluti félagsmanna SBU starfar á höfuðborgarsvæðinu.

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu virkra félagsmanna SBU eftir kyni og starfsvettvangi í apríl 2010. Atvinnuleysi meðal félagsmanna SBU hefur nánast verið óþekkt fyrirbæri, en fór því miður að gera vart við sig á árinu í kjölfar hertra sparnaðar- og aðhaldsaðgerða vinnuveitanda.

Virkir og fullgildir félagsmenn í SBU eftir kyni og starfsvettvang í apríl 2010		
	Fjöldi	Hlutfall
Félagsmenn alls	260	100%
Kynjahlutfall		
Karlar	26	10%
Konur	234	90%
Starfsvettvangur		
Ríkisstarfsmenn	95	37%
Starfsmenn sveitarfélaga	82	32%
Reykjavíkurborg	35	13%
Almennur markaður	41	16%
Atvinnulausir	7	3%

Heimild: félagatal SBU, apríl 2010

* greiða til stéttarfélags af atvinnuleysisbótum

Trúnaðarmenn SBU

Undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á skipun virkra trúnaðarmanna á vegum félagsins, HugGarðs og BHM. Fastur liður í starfsemi BHM er einmitt árlegir fræðslufundir fyrir verðandi og starfandi trúnaðarmenn. Staðan hjá SBU er mjög góð miðað við félagafjölda, en 14 trúnaðarmenn félagsins eru til taks á mismunandi vinnustöðum. Nokkuð er um að á smærri stöðum gegni trúnaðarmaður hlutverkinu fyrir fleiri en eitt stéttarfélag. Sjá: www.bhm.is/huggardur/trunadarmenn/trunadarmannalisti/

2. HugGarðssamvinnan

Eins og áður hefur komið fram hefur SBU frá árinu 2000 verið aðili að HugGarði sameiginlegri þjónustuskrifstofu fimm stéttarfélaganna. Formenn HugGarðsfélaganna hittast reglulega til ræða sameiginleg mál er varða félögin, skrifstofuna, BHM og kjarabaráttuna. Jafnan er fundað fyrir miðstjórnarfundum, farið yfir dagskrá þeirra og sameiginleg aðkoma og afstaða HugGarðs til mála rædd og mótuð. Nýr framkvæmdastjóri skrifstofunnar hefur fest sig í sessi og stífir stjórnarfundir hafa verið aflagðir. Ákvarðanir og stefnumótun í

stærri málum er þó alltaf hjá stjórnnum félaganna, kosnum fulltrúum grasrótarinnar. Hjá HugGarði vinna nú þrír starfsmenn.

Almenn verkefni þjónustuskrifstofunnar

- HugGarður þjónar félagsmönnum aðildarféлага Huggarðs á sviði kjara- og réttindamála
- HugGarður aðstoðar við lausn ágreiningsmála er varða framkvæmd og túlkun kjarasamninga
- HugGarður er talsmaður einstakra félagsmanna gagnvart vinnuveitanda ef óskað er eftir

Kaup og kjör

- HugGarður vinnur að gerð kjarasamninga fyrir aðildarfélög Huggarðs, bæði miðlæga kjarasamninga og stofnanasamninga í umboði stjórnar aðildarféлага. Hvert stéttarfélag innan Huggarðs hefur þó sjálfstæðan samningsrétt
- HugGarður aðstoðar við gerð ráðningasamninga og túlkun á þeim
- HugGarður aðstoðar við útreikning á launum og innheimtu ef þörf krefur

Fræðsla og upplýsingagjöf

- HugGarður stendur fyrir ýmiskonar fræðslu og námskeiðahaldi fyrir félagsmenn er varða starfsmannamál, kjaramál og vinnumarkaðsmál.
- HugGarður gerir kannanir meðal félagsmanna, m.a. um kjör í aðdraganda kjarasamningsgerðar.
- HugGarður tekur reglulega saman upplýsingar um launakjör félaga í aðildarfélögum.

Verkefnatengd ráðning háskólanema

Sumarið 2009 voru 5 háskólanemar ráðnir í tímabundna verkefnavinnu hjá HugGarði. Markmið ráðninganna var tvíþætt:

- Að vera styrkur til háskólanema, sem stóðu andspænis hugsanleg atvinnuleysi
- Að efla tengsl félaganna inni hóp væntanlegra félagsmanna

Nemarnir og verkefni þeirra voru:

- Andrea Ævars, nemi í bókasafns- og upplýsingafræði. Hún var starfsmaður Virknihóps að hluta, en skilaði fyrst og fremst verkefnum varðandi nýtingu Facebook og annarra vefmiðla í kynningu stéttarféлага
- Guðrún Sóley Gestsdóttir, nemi í lögfræði. Hún var starfsmaður Evrópuhóps. Meginverkefni skipulag og öflun fræðsluefnis og skilaði einnig samantekt um Evrópurétt.
- Kristján Freyr Kristjánsson, nemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum. Meginverkefni úrvinnsla kjaraupplýsinga.
- Arnþór Gíslason, nemi í stjórn málafræði. Meginverkefni kynningarefni og beiting kynningar.
- Kristjana Rós Guðjohnsen, nemi í hagnýtri menningarmiðlun. Meginverkefni kynningarefni og beiting kynningar.

Nemarnir unnu síðan sameiginlega verkefni sem bar yfirskriftina: Hvernig á stéttarfélag framtíðarinnar að líta út? Nemar funduðu með stjórnnum félaganna og gerðu grein fyrir verkefnum sínum. Hvað þar við nokkuð nýjan tón hvað varðar hugmyndir um kynningarmál og starfsemi stéttarféлага gagnvart þeirra hópi.

Virknihópur

Á síðasta ári var settur var á laggirnar hópur innan HugGarðs með það að markmiði að finna leiðir til þess að virkja félagsmenn betur innan BHM og í félögunum. Vinnan er í gangi og verður haldið áfram. Fulltrúi SBU í hópnum er Guðrún Einarsdóttir.

Evrópuhópur

Stofnaður hefur verið HugGarðshópur um Evrópumál sem er ætlað að leiða óhlutdræga umræðu um Evrópumál innan félaganna. Fulltrúi SBU er Svein Ólafsson. Hópurinn kom fyrst saman vorið 2009 og fundaði reglulega með ýmsum sérfræðingum á sviði Evrópumála jafnframt því að HugGarður og BHM stóðu fyrir almennri umræðu og fræðslu um Evrópumál. Undirbúningsþætti starfshópsins lauk síðan með vinnuferð til Brussel í september þar sem heimsóttar vorum ýmsar stofnanir og nefndir Evrópusambandsins. Áhersla var lögð á að kynna sér stöðu frjálsra stéttarfélaganna á þessum vettvangi. Í undirbúningi er síðan opinn fundur þar sem greint verður frá niðurstöðum ferðarinnar og fjallað um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu í ljósi reynslu hópsins.

3. Atvinnumálin

Skv. janúarskýrslu Vinnumálastofnunar var skráð atvinnuleysi í landinu 9% eða 14.705 manns. 14% atvinnulausra eru með háskólamenntun. Upplýsingar um atvinnuleysi félagsmanna HugGarðs eru fengnar úr félagatali, en um er að ræða atvinnulausa félagsmenn sem kjósa að greiða til stéttarfélaganna af atvinnuleysisbótum. Atvinnuleysi meðal félagsmanna HugGarðs hefur aukist jafnt og þétt og nú greiða 1,5-5% félagsmanna af bótum til félaganna. Gera má ráð fyrir að raunverulegt atvinnuleysi sé umtalsvert meira. Einhver hópur atvinnulausra kýs að greiða ekki af bótum til stéttarfélaganna og gera má ráð fyrir að einhverjir félagsmenn sem skilgreindir eru langtímaatvinnulausir (hafa verið án atvinnu í sex mánuði) séu hættir að greiða til félaganna.

Hlutfall atvinnulausra eftir menntun

Menntun atvinnulausra	Tölur	% skipting janúar 2010	% skipting janúar 2009
Grunnskólanám eða sambærilegt	8.563	52%	54%
Margskonar nám á framhaldsskólastigi	557	3%	3%
Vélstjórnar- og stýrimannanám	171	1%	1%
Iðnnám	2.486	15%	16%
Verslunarpróf (2 ár)	383	2%	2%
Stúdentspróf	1.934	12%	10%
Háskólanám /sérskólar við háskólastig	2.315	14%	13%
Samtals:	16.382	100%	100%

Heimild: Vinnumálastofnun janúar 2010

Ýmissa leiða hefur verið leitað til þess að styðja atvinnulausa félagsmenn innan BHM, t.d. með fyrirlestrum og námskeiðahaldi fyrir félagsmenn í atvinnuleit. Leitað hefur verið eftir því að aðild að sjúkra- og styrktarsjóði BHM verði breytt þannig að atvinnulausir geti haldið réttindum sínum lengur. Reglum orlofssjóðs hefur einnig verið breytt þannig að atvinnulausir geta greitt 1500 kr. á ári í sjóðinn og haldið réttindum sínum.

Í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði ákvað stjórn SBU að styðja atvinnulausa félagsmenn með því að bjóða þeim að taka þátt í verkefninu „Nýttu kraftinn“ Nýttu kraftinn er 3ja mánaða ferli þar sem atvinnuleitendur ganga til hvers dags sem vinnudagur væri með það í huga að gera sjálfan sig samkeppnishæfari í atvinnuleitinni. Markmiðið er að hvetja atvinnulausa einstaklinga til að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þetta frumkvæði SBU, sem er félagsmönnum að kostnaðarlausu, hefur mælst vel og vakið eftirtekt innan BHMsamfélagsins. Nánari upplýsingar um Nýttu kraftinn má finna hér: www.nyttukraftinn.is/. Því miður hefur enginn félagsmaður nýtt sér þennan möguleika.

Greiðslur af atvinnuleysisbótum - janúar 2010/(apríl 2009)

	fjöldi	%
FÍF	4 (0)	3,0%
KVH	20 (12)	3,1%
SBU	7 (3)	3,5%
SL	6 (1)	1,6%
Fræðagarður	42 (20)	3,9%

Ljóst er að atvinnuleysi hefur aukist meðal félagsmanna og mál sem tengjast uppsögnum og kjaraskerðingum félagsmanna eru orðin „harðari“ og innan HugGarðs er verið að undirbúa að fara fyrir dómstóla með mál sem lúta að ólögum uppsögnum og/eða kjaraskerðandi aðgerðum. Fjöldi félagsmanna sem leita til skrifstofunnar til þess að fá upplýsingar eða ráðgjöf hefur einnig aukist. SBU ásamt öðrum HugGarðsfélögum hefur staðið fyrir fundum um þessi mál og sent frá sér yfirlýsingar og samþykktir þar sem margvíslegum kjaraskerðandi aðgerðum er harðlega mótmælt. Stjórn HugGarðs átti og fund nýverið með félagsmálaráðherra um mat hans sérfræðinga á raunverulega stöðu í atvinnumálum og úrræðum vegna versnandi vanda heimilanna.

4. Kjaramál

Kjaraviðræður

Almennt má segja að árið 2009 hafi einkennst af óvissu og aðgerðaleyfi í samningamálum. Fyrsti fundur á árinu með Samninganefnd ríkisins (SNR) var haldinn í mars og strax var ljóst að ekki yrði samið um launahækkanir. Lítið hefur farið fyrir viðræðum við Launanefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Fulltrúar BHM hafa þó átt sæti við stöðuleikasáttmálaborðið og uppfrætt félögin jafnóðum. Sem stendur eru engar formlegar kjaraviðræður í gangi, en horft er til haustsins þegar sáttmálinn heyrir væntanlega sögunni til.

Kjara- og réttindanefnd

Í byrjun síðasta árs var sett á laggirnar opin kjara- og réttindanefnd innan BHM sem fundar reglulega. Hlutverk nefndarinnar er að vera bakland fyrir viðræður er lúta að kjarasamningum. Á fundunum er farið yfir stöðu mála og fjallað um þær hugmyndir sem uppi eru hverju sinni.

Stöðugleikasáttmálinn


Í lok júnímánaðar 2009 var svonefndur stöðugleikasáttmáli undirritaður af öllum aðilum kjarasamninga í landinu, þ.m.t. BHM, í umboði aðildarfélaga sinna. Um kjarasamninga í stöðugleikasáttmálanum segir m.a. að:

- Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði verði framlengdir til loka nóvember 2010.
- Samningsaðilar á opinberum vinnumarkaði skuli ganga, svo fljótt sem auðið er, frá lausum kjarasamningum sem byggja á stöðugleikasáttmálanum.

BHM setti fram skilyrði um upplýsingar um mögulegar efndir viðsemjenda á efnahagslegum forsendum sáttmálans og hvaða áhrif aðgerðir þeirra hefðu á stöðu félagsmanna áður en gengið yrði til endurnýjunar samninga. Formlegar kjaraviðræður fóru þó aldrei í gang og virtust samningsaðilar sammála um að gera ekki neitt og bíða þess átekta að sáttmálinn rynni sitt skeið. Á meðan gilda þeir samingar sem runnu út í marslok 2009.


Þróun mála er sú félagsmenn okkar á öllum sviðum virðast hafa orðið fyrir verulegum kjaraskerðingum undanfarna mánuði, s.s. skerðingu vinnuhlutfalls, niðurskurði ýmissa greiðslna annarra en dagvinnulauna, t.d. takmörkun og minnkun yfirvinnu, afnám akstursgreiðslna o.fl., sem í mörgum tilvikum er umtalsvert hlutfall heildarlauna félagsmanna. Samkvæmt tölum frá fjármálaráðuneyti lækkuðu yfirvinnugreiðslur og aðrar greiðslur um 23% hjá ríkisstarfsmönnum frá september 2008 til apríl 2009. Árið 2009 hefur farið fram mikil varnarvinna á öllum vígstöðvum í að tryggja að staðið sé við þá samninga sem í gildi eru og sú varnarbarátta heldur áfram.

Félagar SBU eru heldur ekki hálaunafólk. Það sést á lauslegum samanburði innan HugGarðsfélaganna og BHM um það hversu margir félagsmenn þeirra greiða hátekjuskatt af launum sínum, þ.e. laun umfram 700þús kr. Greiningin nær til félagsmanna er starfa hjá ríkinu.




Dagvinnulaun – Heildarlaun

Meðfylgjandi eru töflur sem sýna skiptingu og samanburð dagvinnulauna/heildarlauna ríkisstarfsmanna innan HugGarðs árin 2007-2009. Fyrri taflan sýnir nokkrar sveiflur í dagvinnulaunum í eðlilegum samaburðarhópum SBU, þ.e. Fræðagarði og FÍF. SBU hefur nálgast Fræðagarð en FÍF hækkaði verulega umfram hin félögin. Töflurnar endurspeglar greinilega þá staðreynd að heildarlaun SBU félaga eru að mjög takmörkuðu leiti bundin í þeim aukagreiðslum sem önnur félög hafa, t.d. yfirvinnu, akstursamningum o.fl og taflan sýnir að þau hafa farið lækkandi miðað við samanburðarhópinn.



Dagvinnulaun Hugarðsfélaga hjá ríkinu 2007-2009



Heildarlaun Hugarðsfélaga hjá ríkinu 2007-2009

Þegar litið er til heildarlaunatöfluna þá sést vel hversu lítil launapróun varð á milli árána 2008 og 2009, enda nánast um frýstingu launahækkana til handa há- og meðaltekjuhópa í landinu

Lokaorð

Ýmsar blikur eru nú á lofti í atvinnu- og kjaramálum og vegið er að starfsemi frjálsra stéttarféлага með atlögu að þeim leikreglum sem í heiðri hafa verið hafðar á þessum vettvangi undanfarin ár. Stéttabaráttan hefur verið varnarbáratta og kemur til með að halda áfram að vera það næstu misserin. Í komandi samningum verður væntanlega erfitt að sækja verulegar launahækkningar og háskólamenntun á undir högg að sækja. Nú ríður á að stéttarfélagin haldi vöku sinni, fylgjist vel með ástandinu, hafa augu og eyru opin og afli þeirra upplýsinga sem þarf til að átta sig á raunverulegri stöðu félaganna, fjölskyldnanna, heimilinna. Standa verður við bakið á félögum okkar sem að er vegið og standa fast á að leikreglur vinnumarkaðarins séu virtar og stéttabaráttan verði ekki eilíf vörn.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu í stjórn SBU og starfsfólki HugGarðs fyrir góða samvinnu á árinu og félögunum alls hins besta á komandi misserum

Kópavogur 26. mars 2010

Fyrir hönd stjórnar SBU
Óskar Guðjónsson